og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni fyrir 1. september 1981 skal greiða, gjald samkvæmt a) að viðbættu 30% álagi.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 141,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 142,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld samkvæmt gr. 7 eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 739 stig.

Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1 eða samsvarandi taxta, en hann er nú 23.22 kr/kWh auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. sept. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 477/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 7. september 1981.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 527. 21. ágúst 1981.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum.

II. KAFLI

3. gr. 1. málsgrein orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 9,02 fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 0,19 kr/kWh. miðað við hitafall 40° C.

6. gr. orðist þannig:
Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.
Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

a. fyrir mæla allt að ¾" ..... kr. 60,00
b. fyrir mæla allt að 2" ..... — 120,00
c. fyrir mæla allt að 3" ..... — 240,00
d. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

III. KAFLI.

8. gr. orðist þannig:
Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald, sem skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m³	Heimæðagjald
Allt að 400	kr. 10 000,00.
400 — 2 000	— 10 000,00 fyrir 400 m³ + 8,00 kr/m³ þar yfir.
2 000 — 6 000	— 22 800,00 fyrir 2 000 m³ + 6,80 kr/m³ þar yfir.
6 000 — 10 000	— 50 000,00 fyrir 6 000 m³ + 6,00 kr/m³ þar yfir.
meira en 10 000	— 74 000,00 fyrir 10 000,00 m³ + 5,20 kr/m³ þar yfir.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:
Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

a. fyrir mæli allt að ¾" ..... kr. 1 470,00
b. fyrir mæli allt að 1½" ..... — 2 940,00
c. fyrir mæli allt að 3" ..... — 5 880,00

10. gr. orðist þannig:
Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 739 stig.

13. gr. 3. málsgrein orðist þannig:
Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 120,00 fyrir hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.